

Stjórnarfundur Almannaheilla

12. janúar 2026 kl. 08:30

Veffundur

Mætt: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF), Ingveldur Jónsdóttir (IJ), Tryggvi Axelsson (TA), Jón Aðalsteinn Bergsveinsson (JAB) og Sigurgeir Þórsson (SP).

Fundur settur kl.: 8:35

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Ábending um að laga umfjöllun um fyrirmynd að ráðningasamningum. HTF uppfærir fundargerð og sendi til stjórnar. Samþykkt fundargerðarinnar lögð fyrir á næsta stjórnarfund.

2. Innsent erindi til Almannaheilla

Almannaheillum barst erindi vegna aðildarfélags. Erindið var rætt og sett í farveg.

3. Fundur fólksins 2025

Farið var yfir Fund fólksins. Almenn ánægja með fundinn og flestum heyrðist þau sem mættu hafa verið ánægð og tengsl mynduðust. Hefðum þó viljað sjá enn betri mætingu. Básarnir gengu almennt vel og gott að hafa þá einnig á lýðræðishátíðinni fyrr um daginn. Fram kom að þetta er mikil vinna fyrir félagið þrátt fyrir að vera með verkefnastjóra og vangaveltur um hverju viðburðurinn skilaði miðað við kostnað og vinnuframlag. Þá var rætt um að vantað hefði upp á eftirvinnslu við fundinn, fréttir og myndir og þess háttar strax eftir viðburðinn. Loks var rætt um sögu þessa fundar, hvað hann ætti í raun að vera og hvað hefði reynst vel hingað til. Fram kom að oft hefðu vinsælustu viðburðirnir verið þeir sem stök félög hefðu skipulagt og smalað vel inná sjálf.

HTF sagði frá því að von væri á greinargerð vegna Fundar fólksins og lýðræðishátíðarinnar frá verkefnastjóra. JBA sagði frá því að hráfælar af upptökunum væru komnar frá Hörpu. Nauðsynlegt að snyrta aðeins til svo hægt sé að nýta. JBA skoðar að setja myndir og frétt á vefinn okkar af fundinum.

HTF sagði frá því að ekki hefði fengist styrku frá ráðuneytinu líkt og undanfarin ár. IJ sagði að í því ljósi myndi félagið greiða rúmlega 1,7 milljónir fyrir fundinn þegar tekið hefur verið tillit til styrksins frá Reykjavíkurborg.

4. Verkefnalisti stjórnar

HTF fór yfir drög að hugmyndum sem búið var að taka saman byggt á fyrri verkefnalista og umræðum síðust stjórnarfunda. Ákveðið að setja tvo minni viðburði á dagskrá fram að aðalfundi ásamt því að vinna í þeim verkefnum sem hvatt var til á aðalfundi þar með talið mat á framlagi almannaheillafélaga

til samfélagsins og virðisaukaskattsmál almannaheillafélaga. HTF og JBA taka áfram að skoða möguleikann á mati á framlagi almannaheillafélaga til samfélagsins. Annar minni viðburður verður fundur fyrir framkvæmdastjóra/ forsvarsfólk aðildarfélaga. HTF falið að koma því í ferli.

Einnig ákveðið að byrja undirbúa könnun til aðildarfélaga um starfsemi Almannaheilla. JBA byrjar á að kanna niðurstöður eldir könnunar.

5. **Húsnæði Almannaheilla**

Búið er að rita undir leigusamning um aðstöðu í Mannréttindarhúsi. Samningurinn gildir frá 15. janúar 2026. Ákveðið að þau sem geti hittist í Urriðaholtinu 13. janúar og fara yfir hvað er til þar, hvað verður flutt með og hvað verður skilið eftir. IJ hefur samband við Rafípróttasambandið varðandi hvað þau eiga í húsnæðinu og taka með sér.

Önnur mál

Enginn önnur mál.

Fundir slitið: 10:06

Fundargerði ritaði: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz